

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Í september var bókfærður 56,8 milljarða króna söluhagnaður og 5,6 milljarða fjármagnstekjuskattur, bæði sem gjöld og tekjur, vegna sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf. en ekki var áætlað fyrir þessum liðum í fjárlögum. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 20,3 milljarða króna á tímabilinu, sem er 39,2 milljarði betri útkoma heldur en áætlað var. Útkoman er 23 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Milli ára hækka tekjurnar um 107,9 milljarða, á meðan að gjöldin hækka um 23,3 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 68,7 milljarða króna miðað við 6,4 milljarða í fyrra. Fjármunahreyfingar eru jákvæðar um 48,4 milljarða. Þar munar mestu um 66 milljarða sölu Landssímans, en á móti vegur að 32 milljarðar af söluandvirðinu eru ávaxtaðar hjá Seðlabanka Íslands skv. sérstöku samkomulagi.

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 336,6 milljörðum króna og hækkuðu um 107,9 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða 47,2%. Þar af skýrir fyrrnefnd sala Landssímans um 62,4 milljarða. Skatttekjur ríkissjóðs námu um 256,9 milljörðum króna og jukust um 20,8% frá fyrra ári. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 4% þannig að skatttekjur jukust að raungildi um 16,2%.

Skattar á tekjur og hagnað námu ríflega 82 milljörðum króna á tímabilinu og jukust um 15,1 milljarða frá sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10% en tekjuskattur lögaðila um 11%. Innheimta tekna af fjármagnstekjuskatti var ríflega 18,6 milljarðar og jókst um 99% frá fyrra ári en stóran hluta hennar má skýra með fjármagnstekjuskatti af söluandvirði Landssímans. Innheimta tryggingagjalda nam tæplega 26,3 milljörðum króna sem er 15,6% aukning frá sama tíma í fyrra. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,7% á þessu tímabili. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 30,3% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu ríflega 21,4 milljörðum króna og jukust um 5,8 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum hf. og sektargreiðslum olíufélaganna.

Þróun almennra veltuskatta og þá sérstaklega virðisaukaskattsins gefur góða mynd af þróun eftirspurnar í hagkerfinu en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 19,6% frá fyrra ári, eða sem nemur um 15% að raungildi. Þar munar mest um 20,2% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti frá fyrra ári sem jafngildir 15,6% raunhækkun. Auk þess skila vörugjöld af ökutækjum umtalsvert meiri tekjum en í fyrra eða 68,9% en á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur innflutningur bifreiða aukist um 60% frá fyrra ári. Að öllu samanlögðu gefur þessi þróun vísbendingu um að lítið lát virðist vera á almennri eftirspurn í hagkerfinu.

Greidd gjöld námu 256,6 milljörðum króna og hækka um 23,3 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 milljarðar af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans og 5 milljarðar af hækkuðum vaxtagreiðslum þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 12,7 milljarða eða 5,4% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþingst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 162 milljarðar sem er $\frac{2}{3}$ af heildargjöldunum. Þar kemur fram 10,7 milljarða króna hækkuð milli ára, eða 7%. Innan málaflokksins munar mest um hækkuð til heilbrigðismála, 4,2 milljarða og 3,7 milljarða vegna fræðslumála sem er 16,5% hækkuð milli ára. Greiðslur til almannatrygginga hækka hins vegar minna, eða um 2,1 milljarða frá því í fyrra. Hækkuð annarra málaflokka er mun minni og í heild lækka greiðslur til atvinnumála um 1,2 milljarð, sem skýrist einkum af lægri greiðslum vegna samgöngumála.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 61,6 milljörðum og skiptast þannig að 47,5 milljarðar eru vegna afborgana erlendra lána og 14,1 milljarðar vegna spariskírteina. Lántökur námu 9 milljörðum króna og eru í formi ríkisvixla og ríkisbréfa. Lántökur lækka samtals um 21 milljarða króna milli ára. Þá voru 3,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs hækkaði um 12,9 milljarða frá áramótum fram til septemberloka.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - október 2005 (í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Innheimtar tekjur.....	181.449	190.965	211.559	228.745	336.643
Greidd gjöld.....	182.678	202.110	218.708	233.304	256.585
Tekjujöfnuður.....	-1.229	-11.145	-7.149	-4.558	80.058
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-3	-3.252	-12.013	0	-58.033
Breyting rekstartengdra eigna og skulda..	-2.167	-2.136	23	1.710	-1.731
Handbært fé frá rekstri.....	-3.399	-16.533	-19.139	-2.848	20.294
Fjármunahreyfingar.....	1.284	9.188	20.614	9.273	48.377
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	-2.115	-7.345	1.475	6.425	68.671
Afborganir lána.....	-22.294	-28.558	-30.654	-30.856	-61.557

Innanlands.....	-7	-10.598	-18.204	-5.678	-14.064
Erlendis.....	-14.804	-17.960	-12.450	-25.178	-47.493
Greiðslur til LSR og LH.....	-11.250	-7.500	-6.250	-6.250	-3.300
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó.....	-35.659	-43.403	-35.429	-30.680	3.814
Lántökur.....	64.106	43.465	27.439	30.408	9.048
Innanlands.....	12.282	11.368	22.225	13.136	9.048
Erlendis.....	51.824	32.097	5.214	17.272	-
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	28.447	62	-7.989	-272	12.862

Tekjur ríkissjóðs janúar – október 2005

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %			
	2003	2004	2005	2002	2003	2004	2005
Skatttekjur í heild.....	185.079	212.683	256.856	3,3	6,3	14,9	20,8
Skattar á tekjur og hagnað.....	55.853	66.918	82.044	2,1	2,5	19,8	22,6
Tekjuskattur einstaklinga.....	44.434	49.957	54.966	7,9	5,0	12,4	10,0
Tekjuskattur lögaðila.....	3.363	7.600	8.437	-40,4	-28,2	126,0	11,0
Skattur á fjármagnstekjur o.fl.....	8.056	9.361	18.641	18,7	7,1	16,2	99,1
Tryggingagjöld.....	20.586	22.705	26.258	7,6	10,4	10,3	15,6
Eignarskattar.....	7.107	8.945	12.114	0,4	-15,9	25,9	35,4
Skattar á vöru og þjónustu.....	100.998	113.759	136.017	3,4	9,8	12,6	19,6
Virðisaukaskattur.....	67.255	76.016	91.389	5,6	9,3	13,0	20,2
Aðrir óbeinir skattar.....	33.743	37.743	44.628	-0,8	10,9	11,9	18,2
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	3.718	5.095	8.605	-8,0	54,8	37,0	68,9
Vörugjöld af bensíni.....	6.388	7.135	7.468	-0,3	1,8	11,7	4,7
Þungaskattur.....	3.958	4.664	3.949	-3,1	3,4	17,8	-15,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	8.178	8.429	8.948	0,0	16,3	3,1	6,2
Annað.....	11.501	12.419	15.658	0,9	5,5	8,0	26,1
Aðrir skattar.....	536	357	423	6,4	4,3	-33,4	18,5
Aðrar tekjur.....	26.479	16.061	79.787	31,5	57,1	-39,3	396,8
Tekjur alls.....	211.559	228.745	336.643	5,2	10,8	8,1	47,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – október 2005

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %			
	2003	2004	2005	2002	2003	2004	2005
Almenn mál.....	22.534	24.161	25.349	18,0	2,2	7,2	4,9
Almenn opinber mál.....	12.409	13.152	13.988	15,5	0,5	6,0	6,4
Löggæsla og öryggismál.....	10.124	11.009	11.360	21,2	4,3	8,7	3,2
Félagsmál.....	140.042	151.655	162.328	12,4	12,7	8,3	7,0
Þar af:							
Fræðslu- og menningamál...	28.545	32.537	35.993	11,9	8,2	14,0	10,6
Heilbrigðismál.....	57.638	61.760	65.942	13,7	12,1	7,2	6,8
Almannatryggingamál.....	45.731	48.403	50.547	11,0	16,9	5,8	4,4
Atvinnumál.....	33.197	35.658	34.484	3,7	10,1	7,4	-3,3
Þar af:							
Landbúnaðarmál.....	9.280	9.546	9.514	4,1	1,8	2,9	-0,3
Samgöngumál.....	15.852	17.428	16.450	4,2	16,9	9,9	-5,6
Vaxtagreiðslur.....	12.895	11.863	16.825	6,7	-24,0	-8,0	41,8
Aðrar greiðslur.....	10.041	9.978	17.599	3,2	15,6	-0,6	76,4
Greiðslur alls.....	218.708	233.314	256.585	10,6	8,2	6,7	10,0